

**46. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
þriðjudaginn 30. janúar 2024, kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason, Kristófer Arnfjörð Tómasson boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Hverabraut 6, húsnæði fyrir UTU, verkfundir. - 2209023

11. fundur haldinn 07.12.2023

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

2. Hverabraut 6, húsnæði fyrir UTU, verkfundir. - 2209023

12. verkfundur haldinn 11.01.2024

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

3. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

Minnispunktur af fundi um undirbúning að útboði á 3ja áfanga endurnýjunar fráveitu á Laugarvatni (Samkaup/Lindarbraut).

Í næsta áfanga endurnýjunar á fráveitu á Laugarvatni er Lindarbraut ásamt tengingu við Samkaup. Unnið er að undirbúningi útboðs.

4. Borgarrimi gatnagerð 3. áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Minnispunktur frá fundi um undirbúning útboðs 3. áfanga í Borgarrima.

Í næsta áfanga gatnagerðar í Borgarrima í Reykholti er kafli sem tekur til Borgarrima 16-22. Unnið er að undirbúningi útboðs.

5. Viðhald Árbúða og Gíslaskála 2024 - 2311004

Minnisblað vegna úttektar á viðhaldspörf fjallaskála, áður frestað á 45. fundi.

Minnisblað eftir skoðun á Árbúðum og Gíslaskála var lagt fram, ásamt myndum. Þar kemur fram að kostnaður við endurbætur í Árbúðum (gluggar/gler/málning og lagfæring hluta innréttingar) er áætlaður 2.300.000. Kostnaður við endurbætur á Gíslaskála (gólf og veggur vegna leka frá glugga) er áætlaður 2.200.000.

Ekki var gert ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í þær endurbætur sem þarf til að forða tjóni og óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

6. Þakskipti (neðra þak) á ípróttahúsinu á Laugarvatni - 2401068

Sviðsstjóri fer yfir stöðu undirbúnings að útboði.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefninu. Efla vinnur að undirbúningi útboðs.



7. **Söfnun lífræns úrgangs frá heimilum og af gámasvæðum, frágangur - 2401062**
Skipta þarf út ílátum (körfum) fyrir lífrænan úrgang og nota bréfpoka í stað lífrænna máispoka. Sviðsstjóri fer yfir málið.
*Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindi sem hefði borist frá Íslenska gámafélaginu þess efnis að flytja þurfi lífrænan úrgang til Sorpu til jaðgerðar og í því skyni verði að taka upp söfnun úrgangsins í bréfpoka í stað máispoka. Þá þurfi að skipta um körfur sem ætlaðar eru undir pokana, en þær köfur sem fylgja bréfpokunum eru þannig hannaðar að það loftar um pokana og því endast þeir betur.
Fyrir liggur tilboð frá ÍG í körfur og eitt búnt af bréfpokum pr. notanda. Gert er ráð fyrir að pokarnir verði síðan seldir í verslunum.
Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að pantaðar verði körfur og pokar. Kynnt verði fyrir íbúum að þessi breyting standi fyrir dyrum og að nauðsynlegt sé að allir taki þátt í þessum skiptum, ella mun ekki verða tekið við lífrænum úrgangi til jarðgerðar frá sveitarfélaginu.
Gera þarf ráð fyrir kostnaði við kaup á pokum og körfum í viðauka við fjárhagsáætlun.*
8. **Fráveita frá baðlóni í Laugarási - 2311025**
Fráveita frá baðlóni í Laugarási
Fulltrúar sveitarfélagsins hafa fundað með forsvarsmönnum baðlóns í Laugarási vegna fráveitu frá lóninu. Unnið er að samantekt persónueininga frá starfseminni.
9. **Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015**
Kostnaðaráætlun vegna byggingar dælustöðvar.
Kostnaðaráætlun liggur enn ekki fyrir. Afgreiðslu er frestað til næsta fundar.
10. **Orkuöflun Vegatunga - 2401065**
Samþykki FSRE, sem eiganda jarðhitaréttinda, fyrir því að Bláskógaveita taki rannsóknarholu vegna hitaveitu í Vegatungu, dags. 22.01.2023.
Samþykki FSRE var lagt fram.
11. **Lok á hver á Laugarvatni - 2401067**
Veitustjóri fer yfir framkvæmdina og áhrif.
Veitustjóri gerði grein fyrir því að nú hefði verið á ný sett lok yfir hverinn á Laugarvatni, þó er ekki um meiri lokun en svo að ræða að rúmlega helmingur yfirborðs er undir loki. Er þetta gert til að ná meiri hita á vatnið og verður fylgst með því hvort þetta skapi á ný úfellingar í hitaveituvatni á Laugarvatni, en reyndin varð sú þegar lok var tekið af hvernum þá hætti að bera á útfellingum.
12. **Uppsetning dælustöðvar í Laugardal - 2401069**
Veitustjóri fer yfir hugmyndir um nýja dælustöð í Laugardal.
Farið var yfir hugmyndir að uppsetningu dælustöðvar í Laugardal, á svæði þar sem hjólhýsasvæðið var áður. Með því myndi nást að halda betri þrýstingi á lögninni. Veitustjóra er falið að vinna áfram að málinu.
13. **Heitavatsnotkun Bláskógaveitu 2023 dælt magn - 2401064**
Yfirlit yfir rúmmetramagn 2023
Lagt var fram yfirlit yfir dælt magn af heitu vatni í hitaveitu Bláskógaveitu 2023.
14. **Sláttur og hirðing Reykholt og Laugarás 2024-2026 - 2401066**



111

Útboð á slætti og hirðingu í Laugarási 2024-2026

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að útboðsgögn vegna útboðs á slætti og hirðingu í Reykholti og Laugarási væru nánast tilbúin. Áætlað er að auglýsa verkið í febrúar.

15. Rekstrarskoðanir leiksvæða - 2401063

Tilmæli Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 23.01.2024, um rekstrarskoðanir leiksvæða.
Bréf Heilbrigðiseftirlitsins var lagt fram.

16. Loftræsikerfi í leikskólanum á Laugarvatni - 2401070

Tillaga um uppsetningu loftræsikerfis í leikskólanum á Laugarvatni

Lögð var fram tillaga um að sett verði upp loftræsikerfi í leikskólanum á Laugarvatni. Kostnaður við kaup á kerfinu er áætlaður 1.834.963. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 1 millj.kr. í ýmis viðhaldsverkefni á árinu. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í verkefnið og kostnaðarauka mætt með viðauka við fjárhagsáætlun.

17. Kalt vatn fyrir baðlón í Laugarási - 2401071

Fyrirspurn Norverks ehf um kalt vatn fyrir baðlón

Fyrir liggur fyrirspurn Norverks ehf um hversu mikið kalt vatn vatnsveita Bláskógabyggðar geti útvegað vegna reksturs baðlóns. Veitustjóri og sveitarstjóri munu funda með framkvæmdaraðilum.


Fundi slitið kl. 15:25.



Stefanía Hákonardóttir




Helgi Kjartansson



Jón Forni Snæbjörnsson



Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason